

Miðvikudaginn 8. október 1975.

Nr. 140/1975. **Ákærvaldið**

gegn

Sigurgeir Einari Karlssyni.

Dómenður:

**hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snæ-
varr og Logi Einarsson.**

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Andrés Valdimarsson, sýslumaður í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, kvað upp hinn kærða úrskurð.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 25. september 1975 í því skyni, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur. Gögn máls bárust Hæstarétti 2. október s. á., og greinargerð af hálfu varnaraðilja er dagsett 7. október s. á.

Varnaraðili, sem fæddur er 11. nóvember 1956, er sakaður um að hafa orðið Rafni Svavarssyni að bana í Ólafsvík aðfaranótt 14. maí 1975. Hófst rannsókn í máli varnaraðilja þegar hinn 14. maí s. á. Varnaraðili var þann dag úrskurðaður í gæsluvarðhald í sakadómi Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu allt að 60 dögum. Hinn 14. júlí s. á. var úrskurðað í sama dómi, að varnaraðili skyldi sæta allt að 45 daga gæsluvarðhaldi frá 13. júlí 1975 að telja. Hinn 27. ágúst s. á. var úrskurðað í sama dómi, að gæsluvarðhaldsvist varnaraðilja skyldi framlengd allt að 30 dögum. Með hinum kærða úrskurði, er gekk 25. september sl., er varnaraðilja úrskurðuð gæsluvarðhaldsvist allt að 90 dögum. Rannsóknargögn bera með sér, að rannsókn máls þessa er eigi lokið. Með vísun til 1. og 4. töluliðs 67. gr. laga nr. 74/1974 ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Í hinum kærða úrskurði er sakarefni eigi greint, andstætt því, sem boðið er í 164. gr. laga nr. 74/1974. Er það aðfinnsluvert.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 25. september 1975.

Fyrir liggur umfangsmikil dómsrannsóknarkrafa samkvæmt bréfi ríkissaksóknara, dags. 13. ágúst sl., sbr. dómsskjal nr. 21. Rannsókn þessi er ekki hafin enn, en gæsluvarðhaldsvist kærða rennur út á morgun, og þykir því nauðsyn bera til að framlengja gæsluvarðhaldsúrskurð, uppkveðinn 27. ágúst 1975.

Með hliðsjón af því, sem að framan er rakið, svo og eðli þess brots, sem kærði er sakaður um, þykir rétt með vísan til 1. og 4. töluliðs 1. mgr. 67. gr. laga um meðferð opinberra mála að framlengja gæsluvarðhaldsvist kærða um 90 daga frá og með 27. september 1975 að telja.

Því úrskurðast:

Kærði, Sigurgeir Einar Karlsson, sæti gæsluvarðhaldi allt að 90 dögum frá 27. september 1975 að telja.

Miðvikudaginn 8. október 1975.

Nr. 141/1975. **Carl J. Eiríksson**

gegn

Emil Ágústssyni borgardómara.

D ó m e n d u r :

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Magnús P. Torfason.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 8. september 1975, sem barst réttinum 3. þ. m. Krefst hann þess, að frávísunardómur bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðinn 26. ágúst 1975, verði úr gildi felldur.